




sneiðing A-A



sneiðing B-B



sneiðing C-C



afstöðumynd 1:500

byggingarlýsing:

Húsið er staðsteypt einbýlishús á 2 hæðum, einangrað að utan með 120 mm steinullareinangrun, allt klætt utan með álklæðningu í mismunandi breiðum pönnum í grábrúnum lit og timbri á efri hæð. 100 mm plasteinangrun (pólystýren) á þjöppuðu sandlagi undir gólfplötu. Vatns og raflagnir lagðar í rör í rör kerfi. Gólfhitakerfi verður í öllu húsinu nema í bílskúr, þar er ofn. Frárennsli hitaveitu fari í upphitað bílaplan og þaðan í regnvatnslögn og skal hámarkshitastig vera 20°, sjá 2.16. almenna framkvæmdaskilmála. Gera skal ráðstafanir til að heitt vatn valdi ekki brunaskaða á húð, t.d með viðurkenndum blöndunartækjum á töppunarstað og varmaskiptir eða uppblöndun sem tryggir að vatn fari ekki að töppunarstað heitara en 60°. Gólfniðurfall sé í öllum votrymum. Vélræn loftræsing er í eldhúsi, baðherbergjum og þvottahúsi ásamt náttúrulegri loftræsingu að hluta samkv. gr. 10.2.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, sjá nánar verkeikningar verkfræðings.

Gluggar smíðast úr timbri og í samræmi við ÍST 40 og 41, settir í eftir á, sjá sérteikningar. Gluggar eru álklæddir, td. með LUX kerfi og með innbrenndu lakki í lit RAL 7016. Þar sem björgunarop eru í gluggum skal ljósop opsins vera min 60x90. Innanmál útihurða skal vera amk 90cm. í gólfsíðum gluggum skal vera hert gler að innan skv. Byggingarreglugerð nr. 112/2012. Svalahandrið skulu vera úr hertu samlímdu gleri með samfeldum handlista innan á eða ofan á gleri.

Yfir húsinu öllu er hallandi þak byggt úr sperrum (45x245mm), sjá teikningu verkfræðings og er það einhalla upp, sjá sérteikningar. Þakið er með ábræddum pappalögum, einangrað með 220mm steinull (þakull) og uppbyggt á hefðbundin máta. Við pappalögn skulu lagðir þrikantslistar milli og vanda mjög allan frágang, þar eð þakhalli er minni en 14°

Reykskynjarar komi í svefndeild, stofu og bílskúr, slökkvitæki staðsetjst á miðlægum stað á báðum hæðum. Veggir milli íbúðar og bílskúrs séu EI60 og hurð EI60CS. Loftklæðning í bílsk sé í fl.1 og allar klæðn. í bílsk í fl. 1 Far skal eftir leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar um frágang eldstæða. Skorsteinspípa sé úr ryðfríu stáli frá Funa og kemur upp úr þaki. steyp sorpumgjörð er við hús, sjá sérteikningar.

U gildi útreiknanlegra byggingarlhuta skal vera svo sem hér segir:

	W/m ² °K
Þak (létt timburþak):	0.19
Útveggir ("ein. að utan"):	0.36
Gluggar, vegið meðaltal, k-gler:	1.60
hurðir:	1.90
bílskúrshurð:	0.75
Gólf á fyllingu (m.gólfhita)	0.25
Útveggir, vegið meðaltal veggfl.,glugga og hurða	0.60 W/m ² °K
Heildarvarmatap á fermeta húss:	1,56 W/m ² °C

Helstu stærðir:

lóð:	751m ²
brúttóflötur	285,3 m ² br.
brúttórúmmál	1.027,8 m ³ br.
nýtingarhlutfall:	0,36
Landnúmer:	228000

skýringar.:

- áður samþykkt hús, nú ný umsókn og nýir eigendur: óskir þeirra um eftirfarandi breytingar húss:
- 1: þakfni eru ásoðin pappalög, ekki ál.
 - 2: utanhússklæðning er öll ál, ekki tvískipt milli hæða
 - 3: útistiga norðan megin beinn og í vinkel, ekki í 45°
 - 4: útistiga á gaffli frá svölum sunnanmegin sleppt
 - 5: rennihurð sett frá hjónaherb á neðri hæð
 - 6: opnanlegt fag sett f. ofan hurð sett frá baðherbergi
 - 7: stoðveggur sunnanmegin settur í lóðamörk, sjá

fyrir liggur samþykki eigenda nr. 10 fyrir stoðvegg í lóðamörkum, verður unnið í samvinnu lóðarhafa.

verkheiti.: Völuskarð 8, Hafnarfirði
einbýlishús

verkhloti.: byggingarlýsing, sneiðingar, afst.mynd
áður samþykkt hús, breytingar

mkv.:	1:100 1:500
dags.:	27.07.'21
hannað.:	GG
teiknað.:	GG
bláðstærð.:	A-2

dags. breytinga.:

br. (a).: 06.07.'22: sjá breytingar í skýringum

br. (b).:

br. (c).:


br. (d).:

fylgiskjöl.:

Teiknistofan Archus slf.
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
s: 5677735, 8987894
kt: 681212-0860
www.archus.is

Guðmundur Gunnlaugsson, arkitekt FAÍ
kt: 190554-3419 - gg@archus.is

samp.:



A-01